

Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík 14. ágúst 2017
UST201706-312/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Eyrarflöt á Siglufirði - breytingar

Vísað er til erindis Fjallabyggðar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Eyrarflöt á Siglufirði. Í greinargerð kemur fram að breytingin sé meðal annars tilkomin þar sem lega byggingarreita þykir ekki nógu heppileg vegna snjósöfnunar sunnan þeirra.


Skipulagssvæðið

Um er að ræða breytingar á fyrirkomulagi gatna, lóða og byggingarreita sunnan núverandi byggðar við Eyrarflöt.

Umsögn


Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 5.3.2.14. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er óheimilt að reisa mannvirki nær vötnum, ám og sjó en 50 m.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagsbreytingu og gerir ekki frekari athugasemdir.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri